

Borgarstjórn Reykjavíkur
2. september 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um lækkun orkugjalda

Borgarstjórn beinir því til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að skoða og gera áætlun um hvernig og hvenær lækka megi orkugjöld á heimili.

Greinargerð: Tímabært er að huga sérstaklega að því að borgarbúar eiga mikinn þátt í þeim góða árangri sem Orkuveita Reykjavíkur hefur náð en eins og kunnugt er þurftu þeir að setta sig við verulegar gjaldskrárhækkanir fyrir nokkrum árum þegar Orkuveitan gekk í gegnum mikið erfiðleikatímabil. Orkugjöld á heimili hafa hækkað gríðarlega á þessum tíma. Rétt er að viðskiptavinir fyrirtækjanna njóti þess með gjaldskrárlækkun eða öðrum áþreifanlegum hætti þegar fyrirtækið stendur vel að vígi og margt bendir til þess að erfiðleikarnir verði senn að baki. Í áætlunum Reykjavíkurborgar er þegar búið að gera ráð fyrir að arðgreiðslur muni renna í borgarsjóð og því eðlilegt að stærsti eigandi fyrirtækisins beini þeim tilmælum til stjórnarinnar um að skoða og gera áætlun um hvernig lækka má gjaldskrár. Tillögu sama efnis var vísað til borgarráðs fyrir 10 mánuðum síðan og hefur legið þar óafgreidd síðan.